



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Bíldudal



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júní 2015
NV nr. 7-15

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR.....	4
3. 1 LITLAEYRI	4
Saga Litlueyri á Bíldudal.....	4
3. FORNLEIFASKRÁNING Á FRAMKVÆMDASVÆÐI Í BÍLDUDAL	5
4. NIÐURSTAÐA	16
5. KORT	18
KORT 1. KÖNNUNARSKURÐIR Á MINJUM ÍS-140458- 200-005 OG 006 Á BÍLDUDAL.....	18
KORT 2. KÖNNUNARSKURÐIR Á MINJUM ÍS-140458- 200-007; 008 OG 009 Á BÍLDUDAL.....	19
6. GRIPASKRÁ.....	20
7. HEIMILDARSKRÁ.....	21

1. Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins fór þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að hún gerði könnunarskurði í minjar sem Náttúrustofa Vestfjarða skráði vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna (Margrét H. Hallmundsdóttir 2014).

Í umsögn Minjastofnunar til Skipulagstofnunar frá 13. mars 2015 er farið fram á að kannað verði með könnunarskurðum eðli og umfang minja númer (144508-200)-005-006-007-008-009 og jafnframt kannað hvort eldri minjar leynist þar undir. Leyfi fyrir rannsókninni fékkst þann 13.05.2015 og fékk rannsóknin númerið 201505-0027 og safnanúmer frá Þjóðminjasafni Íslands 2015-16.

Rannsóknina annaðist Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða og fór rannsóknin fram dagana 14.-17. maí 2015. Gröfumaður var Guðmundur Birgir Smáráson sem fær bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. Markmið og aðferðir

Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli og umfang minja og athuga hvort hægt væri að komast að aldri þeirra. Það var gert með því að grafa könnunarskurði og könnunarholur.

Við rannsóknina var beitt single context uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við single context uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

3. 1 Litlaeyri

Saga Litlueyri á Bíldudal

Fyrstu heimildir sem koma fram um jörðina Litlu Eyri eru frá árinu 1569 er jarðirnar Litla Eyri og Hóll eru seldar með öllum gögnum og gæðum sem fylgt hafa að fornu og nýju¹. Hjáleigur Hóls voru bæirnir Hólakot, Hjallhóll og Hólshús en hjáleiga Litlu Eyrar var Litlueyrarhús². Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem gerð var á Bíldudal um 1710 segir að Litla Eyri hafi fyrrum verið hjáleiga frá Hóli, í Jarðabókinni eru skráðar tvær hjáleigur frá Litlu Eyri, Litlueyrarhús sem áður hefur verið nefnd og svo tómthús sem stóð niður á Bíldudalseyri við hlið verslunarinnar og var kallað Búðeyri³. Bænhús mun hafa verið á Hóli en var lagt af árið um 1674⁴. Á túninu á Hóli austan við bæjarhúsin er örnefnið Bænhúsflöt en þar sást móta fyrir grunnfleti bænhústóftarinnar um 1950 en hvarf við túnasléttun.⁵ Talið er að verslun hafi verið stunduð á Bíldudal lengi og hafi einkum enskir og þýskir kaupmenn verslað þar fyrir á öldum en verslun fór þá aðallega fram í skipum. Fyrsta heimildin um danska verslun á Bíldudal er kæra sem lögð var fram á verslunina á Hvestuþingi árið 1615⁶. Þegar Pétur J. Torsteinsson kom á Bíldudal árið 1879 var byggð nær eingöngu á þeim bæjum sem voru í dalnum og aðeins voru þrjú hús

¹ Íslenzkt fornbréfasafn. 15 bind.i 1947-50, bls 327

² Ingvaldur Nikurlásson 2001,bls 44

³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 378.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 376

⁵ Ingvaldur Nikurlásson 2001,bls 45

⁶ Ingvaldur Nikurlásson 2001,bls 45

á svæðinu sem bærinn byggðist síðar á. Hóf Pétur að kaupa skip og var byggð hafskipabryggja stuttu síðar og fjölgaði fólki á Bíldudal ört eftir það og fluttist þangað úr öllum landsfjórðungum. Nýtt verslunarhús var reist og hinn svonefndi Langiskúr sem var lengsta hús á Íslandi og notað undir saltfisk. Einnig risu bakarí, smiðja og kirkja. Vegur var lagður frá kaптúninu og að Litlu Eyri⁷. Mikill umsvif voru á Bíldudal á fyrrihluta tuttugustu aldar en fór að dragast saman á síðari hluta tuttugustu aldar.

3. Fornleifaskráning á framkvæmdasvæði í Bíldudal

ÍS-140458- 200-005

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild/Þúst

Staðsetning: Um 24 metra ofan við húsið Gilsbakka sem byggt var 1890 voru útihús.

Staðhættir: Í túninu eru tvær þústir sem eru líklega leifar af þessum húsum.

Minjalýsing: Aðeins þústin sýnir hvar húsin stóðu en minjar eru líklega undir sverði.

Hættumat: Mikill hætta vegna framkvæmda.

Fornleifarannsókn á rúst ÍS-140458- 200-005

Gerður var könnunarskurður rétt ofan við rústina þar sem hæð rústabungunnar er hæst. Yngsta byggingin er greinanleg á yfirborði og sér í steinsteypta vegg og steyp gólf sem er gróið. Skurðurinn var gerður ofan við vegginn til að kanna hvort eldri rúst væri undir eða við hlið yngstu rústarinnar. Skurðurinn var nefndur skurður (A). Skurðurinn var 1x5 metrar á lengd og var tekið ofan af með lítilli gröfu. Strax og torf hafði verið tekið ofan af, komu í ljós hreyft



Mynd 1. Skurður A. Þar fannst járn úr þaki útihúsa en engin merki um eldri byggingu.

⁷ Hafliði Magnússon [útgáfuár vantar] bls, 26-27

mannvistarlag í miðjum skurðinum #[001], sem hafa verið á yfirborði við hlið rústarinnar. Í laginu var nokkuð af járngripum, nöglum og þvílíku. Lagið var þétt og traðkað ljósbrúnt með ljósum skellum. Við hlið þess var svipað lag #[002] en það lag var í vesturenda skurðarins. Þar var hrunið þak úr bárujárni sem hefur verið á húsinu. Í austurenda skuðarins var óhreyft lag út skriðunni sem húsið er byggt í. Undir lögum [001 og 002] var óhreyft lag [004] sama og [003]. Enginn merki fundust um að eldri bygging hafi staðið þarna. Heimildarmenn muna eftir útihúsunum sem stóðu vel fram yfir miðja síðustu öld svo líklegt er að þau hafi verið notuð frá um 1900-1970.



Mynd 2. Steyptur veggur frá útihúsunum, þar sem skurður A var tekinn.

ÍS-140458- 200-006

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild/Þúst

Staðsetning: Um 24 metra ofan við húsið Gilsbakka sem byggt var 1890 voru útihús.

Staðhættir: Í túninu eru tvær þústir sem eru líklega leifar af þessum húsum.

Minjalýsing: Aðeins þústin sýnir hvar húsin stóðu en minjar eru líklega undir sverði.

Hættumat: Mikill hættu vegna framkvæmda.

Fornleifarannsókn á rúst ÍS-140458- 200-006

Þegar svæðið í kring um þúst 006 var skoðað kom í ljós að hleðslur úr því húsi stóðu út úr bakkanum á Stekkjargili. Gerður var könnunarskurður ofan við þar sem hleðslur stóðu út úr gilbakkanum þar sem eining var að finna ýmiskonar rusl.

Skurðurinn fékk bókstafinn (B) og var 1x3 metrar að lengd. Torf var skafið af með lítilli gröfu. Efst var raskað lag#[201] og rétt undir því í miðjum skurði kom í ljós hleðsla #[202]. Í yfirborðslagi og allt í kring um hleðsluna var rusl aðallega járn og töluvert að böndum úr plastefnum. Mikið var að nöglum í laginu og einn 25 aura peningur með ártalinu 1960. Í hleðslunni sem stóð úr bakkanum var steypur veggur.




Mynd 3. Skurður B. Hleðslur sjást fyrir miðjum skurði. Á innfeldu myndinni sést steypa á einum steinana.

Steypa var að finna ofan á einum steinunum í hleðslunni. Líklegt er að þarna hafa staðið lítill kofi sem líklega hefur haft steyptan grunn sem staðið hefur á grjóthleðslu. Tekinn var annar skurður um 1 ½ metrar frá skurði (B) sem fékk bókstafinn (C). Skurðurinn var 1x3 metrar, gerður samsíða skurði (B) til að kanna hvort byggingin næði lengra til norðurs. Svo reyndist ekki vera og eina lagið sem fannst í skurði (C) var hreyft yfirborð með nöglum.

Niðurstöður á skurðum (B) og (C) við húsið Gilhaga við Stekkjargil

Líklegt er að þar sem skurður (B) var gerður hafi staðið lítið hús á hlöðnum og steypum grunni. Annar endi þessarar byggingar er byrjaður að falla inn í gilið. Prófill hússins var skoðaður í gilinu og bendir allt til þess að aðeins sé um einn byggingarfasa að ræða.

Gripur og steinsteypa benda til þess að húsið sé ekki gamalt a.m.k ekki eldra en 1900. Hugsanlega eru þetta eldri útihúsin og þau yngri séu ofar eða við skurð (A) en gætu verið frá sama tíma það sem steypa er í báðum. Asbest plata fannst á milli steina sem ýtir enn undir að byggingin sé ekki gömul. Plötunni var fargað á viðeigandi hátt.



Teikning 1. Plan af minjum sem komu fram í skurði B.



Mynd 4. Hleðslur sem tilheyra bygginguni sem kom fram í skurði B þar sem þær eru að falla í gilið.

Hleðsla í gilbakka

Aðeins neðar en könnunarskurðirnir voru gerðir á mótis við húsið Gilsbakka, sem byggt var árið 1890, er hlaðinn veggur. Veggurinn er hugsanlega til að varna því að ekki étist út gilinu við flóð og grafi undan húsinu. Hleðslan er á mótis



Mynd 5. Skurður D.

við húsið. Gerð var könnunarhola sem fékk bókstafinn (D) ofan við hleðsluna til að fá fullvissu um að ekki væri um að ræða vegg af byggingu. Ekkert kom fram í könnunarholunni sem benti til þess.



Mynd 6. Hleðslan í bakkanum. Tekinn var skurður til að athuga hvort um væri að ræða byggingu en ekkert kom fram sem benti til þess.



Mynd 7. Stekkjargil og húsið Gilbakki. Örvar benda á hvar minjar eru í bakkanum.



Mynd 8. Mynd sem sýnir áhrifasvæði framkvæmda og staðsetningu skurða við rannsóknina.



Mynd 9. Hleðsla í gilbakkanum.



Mynd 10. Hleðslur í gilbakkanum .

ÍS-140458- 200-007**Hlutverk:** Matjurtargarðar**Tegund:** Niðurgröftur**Staðsetning:** A288334 N583790**Staðhættir:** Ská á móti húsinu Gilsbakka við Dalbraut er matjurtargarðar.**Minjalýsing:** Garðarnir eru niðurgrafnir með hlöðnum görðum í kring sem eru mikið sokknir og ógreinilegir. Garðarnir hafa verið notaðir lengi því að enn má sjá göngugarða milli gamalla beða.

Hugsanlega eru aðeins nokkur ár eða áratugir síðan þeir voru síðast í notkun. Hugsanlega er ekki um fornleifar að ræða.

Hættumat: Garðarnir eru á röskunarsvæði en hafa lítið minjagildi.**Könnunarskurðir:**

Gerðar voru litlar prufuholur. Í ljós kom að ekki eru hleðslur við matjurtargarðinn heldur er hann bara niðurgráfin. Ekkert eldra er undir garðinum. Samkvæmt heimildarmönnum er ekki um fornleif að ræða og var garðurinn síðast notaður fyrir 10 árum.

**Mynd 11.** Svæði þar sem matjurtargarðarnir eru.**ÍS-140458- 200-008****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Dæld**Staðsetning:** A288325 N583777**Staðhættir:** Við hlið matjurtagarðana er niðurgröftur.**Minjalýsing:** Niðurgröfturinn er 5x2 og er hefur líklega lítill kofi eða hús staðið þarna.**Hættumat:** Hætta. Er á röskunarsvæði.**Könnunarskurðir:**

Við rannsókn kom í ljós að um er að ræða undirstöður lítils hús sem hefur verið með steypu gólfi. Ekkert eldra er undir húsinu, aðeins óhreyfð skriða sem húsið stendur á.

**Mynd 12.** Niðurgröftur sem hefur hugsanlega verið grunnur af litlu húsi.



Mynd 13. Minjar [007] og [008] (Margrét H. Hallmundsdóttir 2014).

ÍS-140458- 200-009

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rétt/garður

Staðsetning: A288331 N583818

Staðhættir: Beint á móti húsinu Gilhaga (Dalbraut 35) eða 25 metra frá því fjallsmegin við Dalbraut, er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er mikið sokkinn og gæti verið nokkuð gamall. Hann er um 3 metrar á breidd og sér í grjót í honum efst. Hann virðist beygja og mynda lítið hólf. Á loftmynd er garðurinn skýrari og lítur út fyrir að vera rétt

með lambakró í enda hugsanlega tengt þeim stekk sem var þarna og Stekkjargil er nefnt eftir.

Könnunarskurðir:

Við rannsókn á garðinum kom í ljós að hann er ekki hlaðinn, heldur er um að ræða að skriðan hefur verið hreinsuð til að slétta við fyrir byggingu á íbúðarhúsi númer 34 við Dalbraut. Efninu hefur verið rutt til hliðar og myndað garð, sem hefur myndað vörn fyrir



Mynd 14. Garður ofan við Gilhaga.

húsið þar sem lítill uppþornaður lækjarfarvergur er. Hugsanlega hefur þessu efni verið rutt upp í þennan varnargarð til að vernda húsið og lóðina í leysingum. Ekki er um eiginlegar hleðslur að ræða heldur ruddan varnargarð.

4. Niðurstaða

Við rannsókn kom í ljós að minjar númer [007] og [008] teljast vart til fornleifa og engar eldri minjar eru undir þeim. Garður [009] er ekki eiginlegur hlaðinn garður heldur skriða sem rudd hefur verið til hliðar.

Niðurstöður könnunarskurða við Stekkjargil

Á bakka Stekkjargils við hliðina og ofna við húsið Gilsbakka eru hleðslur og þar hafa staðið útihús. Gilbakki er reistur rétt fyrir aldamótin 1900 og húsin tengjast líklega því húsi og íbúð í því frá aldamótum en húsið er enn í notkun. Heimildarmenn muna eftir útihúsunum sem stóðu vel fram yfir miðja síðustu öld svo líklegt er að þau hafi verið notuð frá um 1900-1970. Byggingin sem kom fram í skurði (B) er líklega aldrei eldri en húsið. Ljóst er að minjar eru undir sverði á bakka Stekkjargils við húsið Gilbakka frá 1890. Líklega eru þetta úthús og kofar frá húsinu. Vandamál við könnunarskurði er að þá er hægt að staðsetja á röngum stað og því möguleiki á að missa af minjum.

Áhrifasvæði framkvæmda sker í bakkann en fyrirhugað er að breikka gilið og minjar undir sverði munu því skemmast. Verði að fyrirhugðum framkvæmdum er ljóst að minjar þær sem eru í gilbakkanum eru í mikilli hættu við framkvæmdir.

Tafla 1. Minjar, lýsing og hættumat vegna framkvæmda.

Númer minja	Tegund	Hættumat	Hætta vegna	Tillaga að mótvægisáðgerð	Mótvægis áðgerð
ÍS-140458-200-003	Stekkur/heimild	Horfið			
ÍS-140458-200-004	Útihús	Horfið			
ÍS-140458-200-005	Útihús /Þúst	Mikill hætta	Inn á röskunarsvæði	Athuga þarf eðli og umfang	Könnunarskurður
ÍS-140458-200-006	Útihús /Þúst	Mikill hætta	Inn á röskunarsvæði	Athuga þarf eðli og umfang	Könnunarskurður
ÍS-140458-200-007	Matjurtar-garður	Hætta	Inn á röskunarsvæði	Lítið minjagildi og líklega ekki fornleifar	Könnunarhola
ÍS-140458-200-008	Niðurgröftur	Hætta	Inn á röskunarsvæði	Lítið minjagildi og líklega ekki fornleifar	Könnunarhola
ÍS-140458-200-009	Garðlag	Mikill hætta	Inn á röskunarsvæði	Merkja og reyna að forða frá framkvæmdum með tilfærslum	Könnunarskurður
ÍS-140458-200-010	Garðlag	Hætta	Að hluta inn á framkvæmdasvæði	Merkja og reyna að forða frá framkvæmdum með tilfærslum	
ÍS-140458-200-011	Óþekkt/úti hús	Hætta		Merkja og reyna að forða frá framkvæmdum með tilfærslum	
ÍS-140458-200-012	Útihús	Hætta	Nærri fyrirhugðum göngustíg	Merkja	
ÍS-140458-200-013	Býli	Utan svæðis en nærri framkvæmdum		Merkja	
ÍS-140458-200-014	Útihús/rúst	Utan svæðis en nærri framkvæmdum		Merkja	

5. Kort

Kort 1. Könnunarskurðir á minjum ÍS-140458- 200-005 og 006 á Bíldudal.

**Kort 2. Könnunarskurðir á minjum ÍS-140458- 200-007; 008 og 009 á
Bíldudal.**

6. Gripaskrá

Fundur nr.	Skurður	Dags	Context nr	Efni	Tegund	Lýsing
001	A	15.05.2015	102	járn	Naglar	3x járnaglar
002	A	15.05.2015	102	járn	Naglar	3x járnaglar. Verksmiðjuframleiddir
003	A	15.05.2015	102	járn	Nagli	Járnagli
004	A	15.05.2015	102	járn	Nagli	Járnagli
005	A	15.05.2015	102	járn	Naglar	3x járnaglar
006	A	15.05.2015	102	járn	Nagli	Haus af nagla
007	A	15.05.2015	102	Járn+Gúmmí	Járnhnoð	Járnhnoð með gúmmí á milli
008	A	15.05.2015	102	járn	Járnplata	Járnplata hugsanlega, löm af hurð
009	A	15.05.2015	102	Járn	Járnagli	Járnagli
001	B	15.05.2015	201	Kopar	Peningur	Íslenskur 25 aur, ártal 1961
002	B	15.05.2015	201	járn	Lykkja	Löng járnlykkja með hring á enda. Hugsanlega einhverskonar nál
003	B	15.05.2015	201	járn	Nagli	Járnagli
004	B	15.05.2015	201	Keramik	Leir rör	WC rör út keramik
005	B	16.05.2015	201	Keramik	Keramik	4 brot út leirtaui. Hvítur leir með mynd á einu broti af Hana
006	B	15.05.2015	202	járn	Naglar	Járnaglar. Mjög stórir líklega bátanaglar
007	B	15.05.2015	202	Gler	Brot úr disk	Brot út glerdisk með skornu munstri
008	B	15.05.2015	202	járn	Önglar	3x járnaglar

7. Heimildarskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XV. 1947-1950. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Hafliði Magnússon. [útgáfuár vantar]. *Arnarfjörður Þjóðsögur, galdrasögur, kynjasögur, heimildir og Örnefni í réttri röð eftir fjörðum og dölum* [útgáfu vantar].[útgáfustað vantar].

Pétur Jónsson.1942. *Barðstrendingabók.* Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Ingvaldur Nikurlásson. 2001.*Mannlíf og saga fyrir vestan. Þjóðlegur fróðleikur gamall og nýr.* Ritröð 9. hefti. Vestfirski forlagið. Hrafnseyri.

Jón J.Aðils. 1971.*Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787.* Heimskringla. Reykjavík.

Margrét H. Hallmundsdóttir. Fornleifakönnun vegna ofanflóðavarna á Bíldudal. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 4-14.

Sólrún Geirsdóttir. 2000. Byggingarár húsa á Bíldudal. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-00.